

Kjarnafæði Norðlenska
Grímseyjargötu
600 Akureyri
vt. Ágúst Torfi Hauksson

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 4. mars 2025
Tilv.: 2411009

Efni: Vegna frétttaumfjöllunar um uppsagnir á starfsmönnum sláturhúss SAH Afurða

- Í gær, þriðjudaginn 3. mars 2025, var greint frá því í fjölmiðlum að 23 starfsmönnum sláturhúss SAH Afurða hafi verið sagt upp síðastliðinn föstudag, en starfsemin er í eigu Kjarnafæðis Norðlenska hf.
- Af þessu tilefni vill Samkeppniseftirlitið minna á bréf eftirlitsins til Kjarnafæðis Norðlenska, dags. 19. nóvember 2024, en bréfið var ritað í tilefni af dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4202/2024. Í bréfinu var dómurinn rakinn og vakin athygli á gildandi ákvæðum samkeppnislaga, í ljósi þeirrar niðurstöðu dómsins að undanþáguákvæði í lögum nr. 30/2024, um breytingu á búvörulögum, hefðu aldrei öðlast lagagildi.
- Í bréfinu var vakin athygli á að í 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er lagt bann við öllum samningum og samþykktum milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað. Í 12. gr. samkeppnislaga er bann lagt við því að samtök fyrirtækja ákveði samkeppnishömlur eða hvetji til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga teljast samningar sem brjóta í bága við bann 10. eða 12. gr. ógildir.
- Jafnframt var vakin athygli á því að samkvæmt 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga skal tilkynna Samkeppniseftirlitinu um alla samruna sem uppfylla veltumörk laganna áður en þeir koma til framkvæmda og veita allar nauðsynlegar upplýsingar um slík viðskipti með samrunatilkynningu. Jafnframt er lagt bann við því að samruni komi til framkvæmda á meðan Samkeppniseftirlitið fjalli um hann, sbr. sama ákvæði.
- Síðan sagði í bréfinu:

„Með vísan til dóms héraðsdóms og ákvæða samkeppnislaga sem hér eru rakin, er því hér með beint til fyrirtækisins að stöðva þegar í stað hvers konar aðgerðir eða háttsemi sem farið getur gegn 10. gr., 12. gr. eða 17. gr. a. samkeppnislaga og stofnast hefur til á grundvelli ákvæða í lögum nr. 30/2024.“
- Kjarnafæði Norðlenska svaraði fyrrgreindu bréfi eftirlitsins með bréf, dags. 25. nóvember 2024, þar sem m.a. voru veittar tiltekna upplýsingar sem óskaði hafði verið eftir. Í bréfinu kemur jafnframt fram að Kjarnafæði Norðlenska sé að fullu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS), en kaup KS á Kjarnafæði Norðlenska hafi gengið í gegn 19. september 2024.



7. Með hliðsjón af öllu framangreindu áréttar Samkeppniseftirlitið að til skoðunar getur komið hvort kaup KS á Kjarnafæði Norðlenska hafi samræmst gildandi lögum, í ljósi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Af sömu ástæðum getur á síðari stigum komið til athugunar hvort ráðstafanir í rekstri félaganna, s.s. uppsagnir starfsmanna, feli í sér brot á samkeppnislögum eða ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.¹
8. Eins og kunnugt er hefur Hæstiréttur Íslands orðið við beiðni Samkeppniseftirlitsins um áfrýjunarleyfi og hefur eftirlitið áfrýjað dómi héraðsdóms til réttarins. Ákvörðun um frekari athuganir vegna framangreinds ráðast m.a. af niðurstöðu Hæstaréttar.
9. Rétt þykir að vekja athygli fyrirtækisins á framangreindu. Jafnframt er vakin á því athygli að stjórnvaldssektir liggja við brotum fyrirtækja á samkeppnislögum og ákvörðunum eftirlitsins, sbr. 37. gr. laganna. Þá getur háttsemi stjórnenda og starfsmanna varðað þá refsingu, sbr. 41. gr. a og b laganna.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

¹ Rétt er í þessu sambandi að benda á að síðasta haust var í fjölmiðlum greint frá því að í kjölfar samruna KS og Kjarnafæðis Norðlenska stæði til að hætta sauðfjárslátrun á Blönduósi. Sjá um þetta m.a. frétt á vef RÚV þann 14. nóvember 2024 (slóð: [KS vill hætta slátrun á Hvammstanga - RÚV.is](#))